



856. fundur stjórnar GSÍ, 5. nóvember 2014, kl.17:00 á skrifstofu GSÍ

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Kristín Guðmundsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Gunnar Gunnarsson, Gylfi Kristinsson og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar  
Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.
2. Skýrsla stjórnar  
Haukur Örn fór yfir helstu þætti í skýrslu stjórnar, en hún var send stjórnarmönnum til kynningar fyrir fundinn. Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju með skýrsluna og samþykktu fyrir sitt leyti.
3. Fjárhagsáætlun 2015  
Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2015. Gert er ráð fyrir að heildarvelta sambandsins á árinu 2015 verði rúmar 155 milljónir og að rekstrarniðurstaða verði rúmar 2 milljónir. Gert er ráð fyrir að félagagjald hækki í kr. 4.400 á árinu 2015 í samræmi við heimild stjórnar frá síðasta Golfþingi til að hækka félagagjaldið miðað við verðlagsþróun, en félagsgjaldið hækkaði síðast í ársbyrjun 2013.
4. Dagskrá formannafundar  
Hörður fór yfir dagskrá fundarins og skipulag og farið var yfir þær glærur sem fylgja hverju umræðuefni. Mjög góð skráning er á fundinn, rúmlega 70 aðilar hafa skráð sig til þátttöku. Þá hefur meirihluti fundarmanna ákveðið að taka þátt í kvöldverði að loknum formannafundi og hafa bókað gistingu á Hótel Borgarnesi. Sérstök dagskrá verður fyrir maka fundarmanna og fer hún fram á Landnámssetrinu í Borgarnesi.
5. Næsti fundur  
Samþykkt að næsti fundur verði haldinn þriðjudaginn 9. desember n.k. og verður dagskrá fundarins kynnt síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:00.